

## Samráðsfundur:

**Dags:** 5. Sept. 2008, kl. 14:00

**Aðili:** Landgræðsla ríkisins

Fulltrúar: Kristín Svavrsdóttir, Guðmundur Halldórsson

Tengiliðir: [kristin.svavarsdottir@land.is](mailto:kristin.svavarsdottir@land.is) og [gudmundur.halldorsson@land.is](mailto:gudmundur.halldorsson@land.is)

**Viðstaddir stjórnarmenn:** Svanfríður Jónasdóttir, Anna Sverrisdóttir, Elín R. Líndal, Hjörleifur Kvaran, Kristín Sigurðardóttir, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Helga Barðadóttir. Tómas Þór Tómasson.

1. Kristín tók þátt í starfi faghóps II í 1. áfanga.
2. Mat Landgræðslunnar á gagnsemi þessarar vinnu er að hún til þess fallin að stuðla að sáttum andstæðra sjónarmiða. Kristín kvað þessa vinnu mjög mikilvæga og stuðlaði að betri ákvörðunum. Landgræðslan vildi mjög gjarnan fylgjast vel með framgangi málsins og fulltrúar hennar lýstu sig reiðubúna að leggja hönd á plóg.
3. Hlutverk Landgræðslunnar er að vernda gróður og jarðveg. Þessa þætt þarf að rannaska vel og tímanlega áður en ákvarðanir eru teknar og framkvæmdir hefjast. Megin stef vinnunnar er að berjast við rofið land og vinna gegn því. Mikið er lagt upp úr að vel gróið land sé vari því slík svæði séu mjög takmörkuð auðlind. Landgræðslan vill leggja þær línur í rammaáætlun að ávallt skuli borin virðing fyrir gróðri og jarðvegi. Erfitt væri að endurheimta gróið land, þótt það væri mis erfitt eftir svæðum. Áhyggjur þeirra sneru ekki aðeins gróið land sem færi undir vatn heldur ekki síður áblástur sem kæmi til vegna mis háar vatnsstöðu í lónum.
4. Kristín var spurð um reynslu hennar af starfi faghóps II í 1. Áfanga, hvað henni fyndist hafa tekist vel til og hvað mætti bæta? Hún taldi það hafa verið Mikilvægt skref að ná saman þessum stóra hópi þótt unandi hagsmunir og sjónarmið hafi stangast á. Reynt hefði verið að ná fram röðun – sem var erfitt verk vegna mikism sjónarmiða og hagsmuna. Hópurinn hafi komist ótrulega langt en með meiri þekkingu mætti ná enn lengra. Aðferðafærðin, þótt flókin væri, hafi verið gegnsæ. Hún hafi lært mikið af hinum þátttakendum, m.a. að meta önnur sjónarmið. Þegar allt er litið var hún sátt við röðunina. Holt væri að líta til baka yfir þau 10 ár sem liðið hafa, sjá hvað hefur breyst og hvaða áhrif það hefur á röðunina. Á sínum tíma var mjög mis mikil þekking til staðar; á sumum sviðum lá fyrir góð þekking en mjög takmörkuð á öðrum. Þekkingunni hefði örugglega fleytt fram.